

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

A timabilinu frá stefnubirtingu til dómsuppsögu í dómsmáli getur dómarí, eftir kröfu aðila, ákveðið, að vextir af dómkröfum séu jafnháir innlánsvoxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slikri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu á ofangreindu timabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útvistarmálum, ef stefnandi skilaði ekki greinargerð.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Verðbólga, eins og sú sem geisað hefur hér á landi um allt of langan tíma, hefur margvislegar afleiðingar. Verðskyn almennings brenglast, spákaupmennska grefur um sig og skuldakóngar blómstra. Í skjóli þessa sýkta ástands fer skuldamálum og málafaerlum fjárhagslegs eðlis stöðugt fjölgandi. Mál hrannast upp hjá dómstólum landsins og dragast oft úr hófi. Kemur þar hvort tveggja til seinvirkta dómskerfi og hinn mikli fjöldi mála, sem dómstólar ná ekki að anna með eðlilegum hraða.

Þetta ástand hefur augljóslega leitt til þess, að skuldunautar ganga á lagið og sjá sér hag í því að skeyta ekki kröfum og neyða kröfuhafa til málsóknar. Meðferð málá fyrir dómstólum, vegna þess sem að ofan getur, gefur stefndum ákjósalegan greiðslufrest. Verðmæti krafna rýrnar með hverjum mánuðinum sem liður, hvað þá þegar mál dragast svo árum skiptir, eins og mymórg dæmi sanna. Þetta grefur undan trausti almennings á dómstólum og ýtið beinlínis undir þá freistungu að standa ekki í skilum og þæfa mál.

Það er háskalegt ástand, þegar svo er komið að menn telja árangurslitið og til fjárhagslegs skaða, að skuldamál eða fjákröfur lendi í málafaerlum.

Til þess að mæta þessum vanda, svo varanlegt verði, þarf auðvitað fyrst og fremst að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Það er löngu ljóst, þótt viðar sé litið. En meðan sú glíma gengur ekki betur en raun ber vitni og búast má við mikilli verðbólgu í fyrirsjáanlegri framtíð, er nauðsynlegt að gera dómstólum kleift að taka tillit til verðbólgunnar við uppkvaðningu dóma og að verðtryggja þær kröfur, sem orðið er við. Þetta frumvarp, sem hér er flutt, stefnir að því að gera dómstólum þetta mögulegt. Er gert ráð fyrir að vextir af dómkröfum séu jafnháir innlánsvoxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Ahrif þessarar breytingar verða margvisleg. Í fyrsta lagi mundi það tvímælalaust draga úr óþörfum málarekstri, sem nú er annars stofnað til, vegna gjaldfrests og verðrýrnunar á kröfum. Í öðru lagi mundi það tryggja þeim, sem eiga réttmætar kröfur, að verðgildi þeirra krafna verði í samræmi við þá verðlagsþróun, sem á sér stað meðan á málarekstri stendur. Og í þriðja lagi mundi það á ný treysta og auka virðingu fólks fyrir dómstólum, en þau áhrif eru að sjálfsögðu mikilvægust i því lýðræðislega réttarriki, sem við Íslendingar viljum og verðum að varðveita.